

**147. fundur skólanefndar Menntaskólans á Egilsstöðum  
haldinn 21. nóvember 2019 kl 17:00 í fundarherbergi skólans**

Mættir voru skólanefndarmennir Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir og Halldór Warén. Stefán Bogi og Sigrún Birna boðuðu forföll en ekki tókst að fá varamenn í þeirra stað.

Mættir voru áheyrnarfulltrúarnir: Þórunn F. Víðisdóttir f.h. kennara, Bergrún Anna Þorsteinsdóttir f.h. foreldra og Signý Eir Guðmundsdóttir f.h. nemenda.

Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar.

1. Samþykkt fundargerð 146. fundar.
2. Gangurinn í starfinu og horfur á vorönn.
3. Stefnuskjal skólans og fjárhagsáætlun þriggja ára.
4. Könnun á högum stúdenta frá ME - kynning.
5. Önnur mál.

Skúli Björn formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár. Byrjað var á lið fjögur þar sem Jón Ingi Sigurbjörnsson og Dagur Skírnir Óðinsson voru gestir.

**1. Samþykkt fundargerðar 146. fundar.**

Fundargerð 146. fundar var staðfest með undirritun.

**2. Gangurinn í starfinu og horfur á vorönn.**

Skólameistari sagði frá skólastarfinu en seinni spönn haustannar er nú rúmlega hálfnuð. Útskrift verður 21. desember. 1. des. skemmtun nemenda verður haldin 5. des. Tónlistarklúbburinn verður með jólatónleika 9. desember. Sigríður Klara Sigfúsdóttir sálfræðikennari er farin í fæðingarorlof. Sigrún Hrafnasdóttir mun láta af störfum í vor vegna aldurs. Anna Guðmundsdóttir umsjónarmaður heimavistar mun láta af störfum 1. des. Jóhann Hjalti Þorsteinsson hefur verið ráðinn í starfið sem er 50% staða. Fjárhagsstaða skólans fyrir árið er jákvæð. Dagskólanemendum hefur fækkað en fjarnemendum fjölgað. Skólameistari sagði einnig frá viðhaldsframkvæmdum skólahúsnaðis og íbúða sem skólinn á. Félagslíf gengur vel.

### **3. Stefnuskjal skólans og fjárhagsáætlun þriggja ára.**

Skólameistari sagði frá fundi með starfsmönnum menntamálaráðuneytisins sem haldinn var 23. október sl. Þar var m.a. farið yfir stefnuskjal skólans. Hann fór yfir innihald skjalsins, aðgerðaáætlun og fjárhagsáætlun til þriggja ára. Einnig sagði hann frá áætlun um nýtt kennslukerfi og nýja heimasíðu sem eru væntanleg. Jafnlaunavottun er í góðum farvegi.

Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við þetta stefnuskjal og þær aðgerðir sem tilgreindar eru í því til að ná settum markmiðum í skólastarfinu. Engar athugasemdir voru heldur gerðar við 3ja ára fjárhagsáætlun.

### **4. Könnun á högum stúdenta sem útskrifuðust frá ME 2014-2016 - kynning**


Fulltrúar starfshóps innra mats í ME, Jón Ingí Sigurbjörnsson og Dagur Skírnir Óðinsson, sögðu frá helstu niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir stúdenta sem útskrifuðust frá ME árin 2014-2016. Enn er verið að vinna úr könnuninni. Könnunin tók á viðhorfum stúdentanna til ýmissa atriða varðandi skólann, stefnu þeirra og högum. Könnunin var annars vegar megindleg þar sem spurningalisti var sendur út rafrænt og hins vegar eigindleg þar sem 10 stúdentar fóru í viðtöl. Könnunin var send út í nóvember 2018. Svarhlutfall var 80%. Helstu niðurstöður könnunarinnar verða settar á heimasíðuna.

### **5. Önnur mál.**

- Rætt var um forvarnir og áfengi, vímuefni og rafrettur. Farið var yfir mikilvægi fræðslu og forvarna.
- Næsti fundur verður 30. janúar kl. 17:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:40.

Skúli Björn Gunnarsson



Halldór B. Warén

Anna Björk Guðjónsdóttir

